

Ágætu foreldrar.

Í framhaldi af auglýsingu um takmörkun á skólastarfi sem gefin var út sl. föstudag höfum við starfsfólk Egilsstaðskóla lagt upp nýtt skipulag fyrir nemendur sem gerir ráð fyrir skerðingu á skóladegi. Samkvæmt nýjum viðmiðum mega foreldrar eða aðrir gestir mega ekki lengur koma inn í skólann og bið ég alla að virða það.

Eftirfarandi gildir fyrir nemendur í 4.- 6.bekk

Vegna takmarkana á nemendafjölda í hóp í sama rými sem miðast við 20 nemendur verður ekki matur í boði í skólanum. Jafnframt verða ekki hefðbundnar frímínútur, en nemendur verða í umsjá kennara tæpar þrjár klukkustundir á dag. Lögð verður áhersla á virkni og hreyfingu hjá nemendum og munu kennarar fylgja þeim í skipulagða útivist. Ávextir verða fyrir nemendur í ávaxtastund.

Verkgreinakennsla verður engin og jafnframt verður engin hefðbundin íþrótt- eða sundkennsla.

Nemendahópar mæta í skólann með ákveðnu tímamillibili og er mjög mikilvægt að nemendur séu stundvísir. Dyr skólans verða læstar og starfsmenn munu hleypa inn hverjum hópi ekki fleiri en 20 nemendur í einu. Til þess að ekki myndist biðraðir við innganga er mikilvægt að nemendur komi sem næst boðuðum tíma.

Aðstæður nemenda í kennslustofu verða breyttar. Ekki verður opið milli kennslustofa og nemendur munu verja skóladeginum í sinni kennslustofu með sínum kennurum og fylgja þeim í hreyfistund. Þeir munu ekki blandast öðrum nemendum eða nemendahópum yfir skóladaginn. Nemendur munu að sjálfsögðu fá leyfi til að fara á salerni, einn í einu.

Skólanum hefur verið skipt upp í hólfa og ekki er leyfilegur samgangur milli þessara hólfa vegna sóttvarna. Nemendur mega því ekki fara á eigin spýtur um skólann. Jafnframt verða þeir að halda til í kennslustofu með sínum hópi nema kennari fylgi þeim. Ég bið foreldra að útskýra þessar óvenjulegu aðstæður fyrir börnum sínum og ítreka mikilvægi þess að þau fari að fyrirmælum starfsmanna.

Kennarar munu skipuleggja hvern dag og senda á foreldra verkefni dagsins. Þannig að þeir sem eru utan skóla geti fylgst með. Foreldrar nemenda sem eru heima af einhverjum orsökum. Þurfa að gera ráðstafanir til þess að nálgast gögn nemenda svo þeir geti unnið heima við.

Varðandi veikindi nemenda er mikilvægt að veikir nemendur verði frá skóla. Jafnframt að brýna handþvott fyrir nemendum, að hósta í olbogabót, jafnframt að halda ákveðinni fjarlægð frá öðrum nemendum.

Nemendur eru mæti á eftirfarandi tímum við eftirfarandi innganga skólans:

4.bekkur - Írisar stofa - mæta kl. 8:50 við aðalinngang. Skóladagur frá 8:50-11:30

4.bekkur - Sóleyjar stofa - mæta kl. 9:00 við aðalinngang. skóladagur 9:00-11:40

5.bekkur - Carolu stofa - mæta kl. 8:50 við miðstigsinngang. Skóladagur 8:50-11:30

5.bekkur - Þórunnar stofa - mæta kl. 9:00 við miðstigsinngang. Skóladagur 9:00-11:40

6.bekkur - Lovísu stofa - mæta kl. 9:10 við miðstigsinngang. Skóladagur 9:10-11:50

6.bekkur - Viðars stofa - mæta kl. 9:20 við miðstigsinngang. Skóladagur 9:20 - 12:00
Frekari upplýsingar verða senda frá skólastjóra og kennurum á næstunni.

Með kveðju,
Ruth